

Fundargerð 394

Föstudaginn 4. maí 2012, kl. 10:00 kom stjórn Byggðastofnunar saman í Safnaðarheimilinu í Grundarfirði. Þessir stjórnarmenn sátu fundinn; Þóroddur Bjarnason, formaður, Ásta Dís Óladóttir, varaformaður, Guðmundur R. Gíslason, Gunnar Svavarsson, Guðrún Þóra Gunnarsdóttir varamaður, Sigurborg Kr. Hannesdóttir og Valdimar Hafsteinsson. Auk þeirra sátu fundinn Aðalsteinn Þorsteinsson forstjóri, Snorri Björn Sigurðsson, Pétur Grétarsson, Hjalti Árnason, og Elín Gróa Karlsdóttir sem jafnframt ritaði fundargerð.

Formaður setti fund kl. 10:05, bauð fundarmenn velkomna og lagði fram eftirfarandi dagskrá.

1. Fundargerð síðasta fundar.
2. Framfylgd rekstrar- og starfsáætlunar.
3. Áhættugreining.
4. Fundargerðir lánanefndar.
5. Niðurstöður fyrirtækjakönnunar á starfssvæði Byggðastofnunar.
6. Lántaka.
7. Ársfundur.
8. Önnur mál.
9. Næsti fundur.

Dagskráin var samþykkt samhljóða.

1. Fundargerð síðustu funda.

Formaður bar upp fundargerðir reglulegs fundar nr. 392 og símafundar nr. 393 og voru þær samþykktar samhljóða og undirritaðar.

2. Framfylgd rekstrar- og starfsáætlunar.

AÐ fór yfir stöðu rekstrar fyrstu fjóra mánuði ársins. SBS fór yfir stöðu verkefna eftir fyrstu fjóra mánuði ársins. Rætt var um hvernig stofnunin getur metið samfélagslegan ávinning af lánastarfseminni og haldið á lofti mikilvægi hennar fyrir landsbyggðina sbr. samþykkt í starfsáætlun fyrir árið. Samþykkt að fyrir næsta fund væri tekið saman minnisblað um hvernig hægt væri að meta þessa þætti og koma niðurstöðunum á framfæri. Varðandi möguleika á samstarfi við sparisjóði og önnur fjármálafyrirtæki eins og sett er fram í starfsáætlun upplýsti AÐ um að haldinn hefur verið fundur með Reiknisstofu Bankanna og fyrirhugaður er fundur með samtökum minni sparisjóða á næstunni. GS óskar eftir að umræða um kosti og galla við að stofna sérstök eignarhaldsfélög um fullnustueignir og eignarhluti verið tekin upp aftur síðar. GS óskar eftir minnisblaði um aðdraganda að samningi um sölu bruggtækja sem stofnunin seldi í síðasta mánuði. Samþykkt að breyta starfsreglum þannig að allar ákvarðanir um sölu á öllum fullnustueignum stofnunarinnar fari fyrir lánanefnd. AÐ mun leggja fram tillögu þess efnis á næsta fundi.

3. Áhættugreining.

AP og PG fóru yfir yfirlit um 25 stærstu viðskiptamenn Byggðastofnunar, fjárhagslega stöðu þeirra og mat stofnunarinnar um getu þeirra til að standa við skuldbindingar. Seinni hluta kynningarinnar um fullnustueignir og stærstu áhættur var frestað til næsta fundar.

4. Fundargerðir lánanefndar

Fundargerð lánanefndar nr. 7/12, 4. apríl 2012

AP fór yfir fundargerðina.

...

Fundargerðin staðfest.

Fundargerð lánanefndar nr. 8/12, 17. apríl 2012

AP fór yfir fundargerðina.

Fundargerðin staðfest.

Fundargerð lánanefndar nr. 9/12, 25. apríl 2012

AP fór yfir fundargerðina.

...

Fundargerðin staðfest.

5. Niðurstöður fyrirtækjakönnunar á starfssvæði Byggðastofnunar.

Frestað til næsta fundar stjórnar.

6. Lántaka.

...

7. Ársfundur.

Ákveðið var að halda ársfund Byggðastofnunar 1. júní nk. á Sauðárkróki. Rætt var um að halda málstofu samhliða fundinum og ýmsar hugmyndir ræddar. AP og PB var falið að ganga frá efni og dagskrá málstofunnar. Samþykkt samhljóða.

8. Önnur mál

Fundargögn

ÁDÓ benti á að fundargögn komi full seint til stjórnarmanna og óskaði eftir að þau berist fimm virkum dögum fyrir stjórnarfund.

9. Næsti fundur

Næsti fundur verður haldinn á Sauðárkróki 1. júní 2012 í tengslum við ársfund.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:20

Elín Gróa Karlsdóttir, fundarritari

_____	_____
_____	_____
_____	_____
